




Bráðabirgðatölur um fjölda skráðra afbrota á landsvísi hjá lögreglu á árinu 2019. Í úttektinni eru tölur síðustu ára staðfestar tölur¹ en tölur fyrir árið 2019 bráðabirgðatölur².


Hegningarlagabrot voru 12.807 og fjölgaði lítillega á milli ára eða um 6% (9% miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan). Af hegningarlagabrotum fjölgaði kynferðisbrotum hlutfallslega mest milli ára eða um 23% (33% þegar litið er til meðaltals síðustu þriggja ára á undan).

Sérrefsilagabrot voru 6.269 og fjölgaði einnig lítillega milli ára eða um 3% (16% miðað við meðaltal þriggja ára þar á undan). Fjölgun var meðal annars á brotum gegn lyfja- og lyfsölulögum en talsverð fækkun var á áfengislagabrotum milli ára. Fíkniefnabrotum fækkaði einnig milli ára en fjölgaði þegar litið er til meðaltals síðustu þriggja ára á undan (sjá bls. 3).

Umferðarlagabrot voru 75.123 og fækkaði lítillega milli ára eða um 4% (fjölgar um 3% miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan). Hraðakstursbrot voru 57.427 og þar af voru 38.638 tekin á sjálfvirkar stafrænar hraðamyndavélar eða um 51% sem er töluvert lægra en árið á undan þegar það var 74%.



Myndir 1-2. Fjöldi brota árin 2005 til 2019 eftir brotaflokkum og aukning/fækkun árið 2019 miðað við meðaltal 2016-2018.




Mynd 3. Fjöldi brota árin 2016-2019 eftir brotaflokkum og fjölgun/fækkun árið 2019 miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.

1. Tölur um fjölda brota árin 2005-2018 eru teknar úr afbrotatölfræðiskýrslum ríkislögreglustjóra, sjá: <http://www.logreglan.is/utgafa/tolfraedi/stadfestar-tolur/arlegar-uttektr/>
 2. Tölurnar fyrir árið 2019 voru teknar út 02.01.2019 úr málaskrákerfi lögreglu. Miðað er við dagsetningu skráningar brots, þ.e. öll brot sem skráð voru árið 2019 eru talin, burtséð frá því hvenær brotið átti sér stað.
 3. Fjöldi umferðarlagabrota ræðst annar vegar af frumkvæðisvinnu lögreglu og hins vegar af virkni stafrænna hraðamyndavéla sem getur verið breytileg. Nánari tölfræði um stafrænar hraðamyndavélar má sjá á vefsíðu ríkislögreglustjóra: <http://www.logreglan.is/utgafa/tolfraedi/fraedilegar-rannsoknir/adrar-rannsoknir/>


Fjöldi brota á íbúa

Þegar fjöldi hegningarlaga brota er skoðaður eftir lögregluembættunum nýu má sjá að um 80% þeirra voru skráð hjá umdæmi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og þar á eftir um 6% á Suðurnesjum (mynd 4).



Mynd 4. Fjöldi hegningarlaga brota eftir lögregluembættum.

Á mynd 5 má sjá fjölda hegningarlaga brota á hvern íbúa, þ.e. miðað við mannfjölda í hverju umdæmi fyrir sig. Árið 2019 voru flest hegningarlaga brot á hverja 10 þúsund íbúa skráð á höfuðborgarsvæðinu eða 429 brot. Það er samþæringlegt og árið áður. Mest hlutfallsleg aukning milli ára á hvern íbúa var á Suðurlandi (20%) og á Austurlandi (12%). Hlutfallslega var mest fækkun hegningarlaga brota á hvern íbúa á Norðurlandi vestra (-10,4%).




Mynd 5. Fjöldi hegningarlaga brota á hverja 10 þúsund íbúa⁴ árið 2019, greint eftir lögregluembættum.

4. Mannfjöldatölur miðað við 1. janúar ár hvert.

Fíkniefnabrot og magn fíkniefna

Þegar 2019 er borið saman við 2018 má sjá að fíkniefnabrotum⁵ fækkaði milli ára um 3% en fjölgaði um 8% þegar litið er til meðaltals síðustu þriggja ára.

Þegar litið er til samanburðar á undirflokkum árið 2019 miðað við meðaltal árunna 2016 til 2018 má sjá að brotum hefur fjölgað hlutfallslega mest í þegar kemur að sölu og dreifingu fíkniefna. Hlutfallslega var mest fækkun á flutningi fíkniefna milli landa.



Mynd 6. Fjöldi fíkniefnabrota árin 2016 til 2019 eftir brotaflokkum og fjölgun/fækkun árið 2019 miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.

Magn fíkniefna

Haldlagt var töluvert meira magn af fíkniefnum árið 2019 en árið á undan, þrátt fyrir að málin hafi verið færri.

Mikið magn af amfetamíni var haldlagt á árinu en það hefur ekki verið meira síðan árið 2009.

Einnig var haldlagt mikið magn af kókaíni en aldrei áður hefur verið lagt hald á eins mikið magn af kókaíni á einu ári.

Töluvert meira magn af hassi var einnig haldlagt á árinu heldur en árið á undan en þó svipað og árið 2017.

Aukning á haldlögðu magni þessara efna skýrist að langstærstum hluta af fáum stórum innflutningsmálum þar sem reynt var að smygla miklu magni í einu til landsins.

Tafla 1. Fíkniefni sem lagt var hald á af lögreglu og tollgæslu árin 2013 til 2019 .

Fíkniefni	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019*
Hass (g)	680	1.329	9.353	6.097	24.337	11.685	23.445
Kannabíspöntur (stk.)	6.669	4.065	4.094	3.232	5.033	5.173	5.326
Kannabíspöntur (g)	47.512	12.914	7.221	12.805	19.997	22.517	11.958
Maríhúana (g)	32.871	63.571	52.049	43.874	34.070	71.937	43.041
Kannabíslauf (g)	47.241	21.440	49.036	30.008	39.062	34.891	54.412
Kannabísstönglar (g)	7.831	3.260	11.991	12.815	11.541	5.101	28.532
Amfetamín (g)	34.189	4.784	32.849	9.838	14.408	4.708	54.932
Methamfetamín (g)	81	105	343	1.014	518	72	2.037
Kókaín (g)	2.535	1.736	9.738	8.035	26.924	18.583	40.454
E-töflur (g)	116	149	11.003	2.059	4.593	963	1.166
E-töflur (stk.)	14.824	1.454	213.660	2.258	2.699	7.815	1.356
Heróín (g)	1	0	0	0	9	28	0
LSD (stk.)	115	2761	741	427	1.021	427	358

*Bráðabirgðatölur 02.01.2019

5. Stórfelld fíkniefnabrot meðtalin.

6. Bráðabirgðatölur miða við magn sem hefur verið vigtað þegar úttekt gagna fór fram.